

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Þverá í Borgarfirði 2025 Vöktun á stofnum laxfiska

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Þverá í Borgarfirði 2025. Vöktun á stofnum laxfiska.

| | |
|------------------------|--------------------------------------------------------|
| Höfundar | Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson |
| Unnið fyrir | Veiðifélag Þverár |
| Verkefnisstjóri | Jóhannes Guðbrandsson |
| Yfirfarið af | Hlynur Bárðarson |
| Samþykkt af | Guðni Guðbergsson sviðsstjóri Ferskvatns- og eldissvið |

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

| | | | |
|---------------------|---------------|------------------|-----------|
| Númer | HV 2026-21 | ISSN | 2298-9137 |
| Dagsetning | 24. júní 2026 | Dreifing | Opin |
| Fjöldi síðna | 24 | Verknúmer | 9016 |

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2025 (Kjarará, Þverá og Litla Þverá) veiddist 1.871 lax sem er 16,5% minni veiði en árið 2024 og 4,0% undir meðalveiði tímabilsins 1974 – 2024. Meirihluta laxa var sleppt (81,1%) og af kyngreindum löxum voru hrygnur í minnihluta, bæði hjá smálöxum (27,3%) og stórlöxum (43,0%). Fjöldi urriða/sjóbirtinga í stangveiðinni var 140 og var veiðin 8,9% yfir meðaltali tímabilsins 1987 – 2024 en einnig veiddust þrjár bleikjur.

Hreistri úr laxveiðinni á vatnasvæði Þverár var eingöngu safnað í ánni Þverá og var fjöldi sýna 64 (3,4% af heildarveiði). Öll sýnin utan eitt voru af löxum á sinni fyrstu hrygningargöngu og voru sex sýni (9,4%) rakin til laxa af eldisuppruna (1 ár í ferskvatni) en á árunum 2022 – 2024 var 30.000 gönguseiðum sleppt ár hvert í Þverá. Meirihluti sýna (90,6%) voru af löxum af náttúrulegu klaki árinna, með ferskvatnsaldur á bilinu þrjú til fimm ár. Niðurstöður aldursgreininga á hreistri umreiknaðar á veiðina 2025 bentu til þess að 131 smálax ætti uppruna úr sleppingum gönguseiða 2024 og 66 stórlaxar úr sleppingum gönguseiða 2023 og er þetta 10,5% af heildarveiði á laxi. Reiknaðar endurheimtur úr gönguseiðasleppingum 2022 voru 0,35% en 0,98% úr sleppingunum frá 2023.

Í seiðamælingum á vatnasvæði Þverár veiddust 750 laxaseiði af fimm aldurshópum (0+ - 4+), 104 urriðaseiði af fjórum aldurshópum (0+ - 3+), eitt veturgamalt (1+) bleikjuseiði og eitt hornsíli. Nokkur breytileiki var á meðallengdum aldurshópanna milli ársvæða. Samanlögð seiðavísitala (meðaltal stöðva) allra aldurshópa laxaseiða var 31,7/100 m² sem er 21,6% undir meðaltali (1996 – 2025; 40,4/100 m²). Vísitala sumargömlu laxaseiðanna (0+) 2025 var 10,6% undir meðaltali en svipuð vísitölu sama aldurshóps 2024. Vísitala veturgömlu (1+) seiðanna var hátt í helmingi minni (8,1/100 m²) en meðaltalið og er sú minnsta sem mælst hefur frá 2008. Tveggja vetra seiðin (2+) voru um 9,0% undir meðaltali en vísitala þriggja vetra seiðanna (3+) var vel yfir meðaltali (21,6%).

Samantöl seiðavísitala allra aldurshópa urriðaseiða á vatnasvæði Þverár var 4,0/100 m² og var hún yfir meðaltali (1996 – 2025; 3,4/100 m²).

Mánaðarmeðaltöl vatnshita á árinu 2025 voru í öllum tilfellum, að janúar og júní undanskildum, yfir langtímameðaltali mánaða (2001 – 2025).

Lykilorð: lax, urriði, bleikja, seiðarannsóknir, hreisturrannsóknir, Kjarará, Þverá, Litla Þverá

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| Myndaskrá..... | 5 |
| Töfluskrá..... | 5 |
| 1 Inngangur..... | 1 |
| 2 Framkvæmd..... | 2 |
| 2.1 Stangveiði..... | 2 |
| 2.2 Hreisturathuganir..... | 2 |
| 2.3 Seiðarannsóknir..... | 2 |
| 2.4 Vatnshiti..... | 3 |
| 3 Niðurstöður..... | 4 |
| 3.1 Stangveiði..... | 4 |
| 3.2 Hreistursýni og endurheimtur úr gönguseiðasleppingum..... | 7 |
| 3.3 Seiðarannsóknir..... | 9 |
| 3.4 Vatnshiti..... | 13 |
| 4 Umræður..... | 14 |
| Þakkarorð..... | 16 |
| Heimildir..... | 17 |
| Viðauki 1. GPS staðsetning rafveiðistöðva og hitamælis á vatnasvæði Þverár 2025 (WGS 84 format dd,dddd°)..... | 18 |
| Viðauki 2. Seiðavísitölur og meðallengdir laxaseiða á vatnasvæði Þverár 1996 – 2025. | 19 |
| Viðauki 3. Seiðavísitölur urriðaseiða á vatnasvæði Þverár 1996 – 2025. | 20 |
| Viðauki 4. Veiði eftir veiðdögum..... | 21 |
| Viðauki 5. Sýnataka hreisturs..... | 22 |
| Viðauki 6. Mánaðarmeðaltöl (C°) á vatnshita í Þverá við Norðtungu frá júl. 2001 til okt. 2025..... | 23 |
| Viðauki 7. Uppreiknaðar endurheimtur klakárganga..... | 24 |

Myndaskrá

| | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| 1. mynd. Vatnakerfi Þverár í Borgarfirði. Staðsetning seiðarannsóknastöðva er sýnd | 3 |
| 2. mynd. Laxveiðin á vatnasvæði Þverár 1974 – 2025. | 4 |
| 3. mynd. Urriðaveiði á vatnasvæði Þverár 1987 – 2025. | 5 |
| 4. mynd. Hlutfall veitt og sleppt af heildarstangveiði á laxi á vatnasvæði Þverár 1999 – 2025. | 5 |
| 5. mynd. Lengdardreifing stangveiddra fiska eftir tegundum á vatnasvæði Þverá 2025. | 7 |
| 11. mynd. Meðallengdir aldurshópa laxaseiða á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 1996 – 2025. | 10 |
| 12. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m ²) aldurshópa laxaseiða á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 1996 – 2025. | 12 |

Töfluskrá

| | |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Tafla 1. Veiði eftir tegundum á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2025 | 4 |
| Tafla 2. Fjöldi laxa í stangaveiði á vatnasvæði Þverár 2025, mældar og áætlaðar meðalþyngdir og meðallengdir, heildarþyngd eftir kynjum og kynjahlutföll eftir árum í sjó..... | 6 |
| Tafla 3. Fjöldi bleikja og urriða í stangaveiði á vatnasvæði Þverár 2025, mældar og áætlaðar meðalþyngdir og meðallengdir. | 6 |
| Tafla 4. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa í aldursgreiningum á hreistursýnum úr stangveiði í Þverá í Borgarfirði 2025..... | 8 |
| Tafla 5. Upplýsingar um lax á endurtekinni hrygningu í hreisturrannsóknum úr laxveiðinni í Þverá í Borgarfirði 2025..... | 8 |
| Tafla 6. Niðurstöður hreisturrannsókna úr laxveiðinni í Þverá í Borgarfirði 2025, sundurliðaðar eftir uppruna og aldri í sjó..... | 8 |
| Tafla 7. Laxveiðin (smálax og stórlax) á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2025 rakin til klakárganga út frá niðurstöðum hreisturrannsókna úr veiðinni. | 8 |
| Tafla 8. Áætlaður fjöldi laxa í stangveiðinni á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði árin 2023, 2024 og 2025 sem skila sér úr sleppingum sjógönguseiða árin 2022, 2023 og 2024..... | 9 |
| Tafla 9. Fjöldi laxaseiða, meðallengd og staðalfrávik hjá öllum aldurshópum á hverri stöð og fyrir svæðið allt í seiðamælingum á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 12., 13. og 18. ágúst 2025. | 9 |
| Tafla 10. Fjöldi urriðaseiða, meðallengd og staðalfrávik hjá öllum aldurshópum á hverri stöð og fyrir svæðið allt í seiðamælingum á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 12., 13. og 18. ágúst 2025. | 10 |
| Tafla 11. Seiðavísitala (fjöldi/100 m ²) laxaseiða á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 12., 13. og 18. ágúst 2025..... | 11 |
| Tafla 12. Seiðavísitala (fjöldi/100 m ²) urriðaseiða á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 12., 13. og 18. ágúst 2025..... | 12 |

| | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Tafla 13. Holdastuðull (K=Kondition coefficient) laxa- og urriðaseiða á vatnasvæði Þverár 12., 13. og 18. ágúst 2025..... | 13 |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|

1 Inngangur

Vatnasvæði Þverár er á meðal helstu laxveiðiáa á Íslandi og er meðalveiðin 1.859 laxar á ári (1985 – 2024) (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Nokkur sjóbirtingsveiði er einnig á vatnasvæðinu og er meðalveiði 129 fiskar á ári (1987 – 2024) (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Megináin á vatnasvæðinu er 65 km löng og á upptök sín í Tvídægru og á Arnarvatnsheiði (Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Þórólfur Antonsson, 2000). Í daglegu tali er efri hluti árinna nefnd Kjarará (að Örnólfsdal) og sá neðri Þverá (frá Örnólfsdal og niður að Hvítá). Þó er rétt að geta þess að sá hluti árinna sem nær frá Örnólfsdal niður að ármótum Litlu Þverár heitir Örnólfsdalsá. Litla Þverá er fiskgeng um 17 km, upp að Kamsfossi (Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Þórólfur Antonsson, 2000).

Í Þverá og Kjarará eru leigðar út 16 stangir, sjö á hvoru veiðisvæði og tvær stangir í Litlu Þverá. Veiðitímabilið er frá 1. júní – 20. september og eina leyfilega agnið er fluga. Tímasetning veiðinnar er breytileg innan veiðitímans á einstökum veiðisvæðum. Á vatnasvæðinu hefur útbreiðsla laxfiska, þéttleiki og vöxtur seiða verið metinn með árlegri vöktun frá 1996 (Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2025). Söfnun og greining á hreistursýnum hófst 1999 og greint hefur verið frá niðurstöðum í skýrslum. Mat á búsvæðum var gert í tengslum við arðskrármat árið 2000 (Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Þórólfur Antonsson, 2000). Vatnshiti hefur verið mældur frá 2001 með síritandi hitamæli sem staðsettur hefur verið nálægt brúarstæði rétt neðan við Norðtungu.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsókna Hafrannsóknastofnunar á vatnasvæði Þverár árið 2025.

2 Framkvæmd

2.1 Stangveiði

Stangveiðin á vatnasvæði Þverár 2025 (Kjarará, Þverá og Litla Þverá) var skráð í rafræna veiðibók sem er veiðigagnagrunnur Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Þar er veiðin skráð eftir tegund, veiði (fjöldi fiska), afla (fiskum sem er landað) og hversu miklu sleppt er í veiðinni (veitt og sleppt). Veiðin var sundurliðuð eftir kyni og sjávaraldri auk þess sem meðalþyngd og kynjahlutföll hvers flokks um sig voru tilgreind. Mörkin á milli smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó) voru skilgreind óháð kyni þannig að lax undir 70 cm væri smálax en lax 70 cm og stærri væri stórlax. Þeir fiskar sem einungis hafa skráða lengd í veiðibókum er gefin reiknuð þyngd út frá þekktu sambandi lengdar og þyngdar (þyngd = $0,00002159 * \text{lengd}^{2,83307}$) (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2018). Langtímagögn um stangveiðina í Þverá voru sótt í veiðigagnagrunn Hafrannsóknastofnunar og var laxveiði ársins 2025 borin saman við meðalveiði tímabilsins 1974 – 2024.

2.2 Hreisturathuganir


Hreistri var safnað úr stangveiðinni í Þverá árið 2025 og voru sýnin mynduð og aldursgreind, þ.e. fjöldi ára í ferskvatni og sjó var metinn og í framhaldinu var hægt að rekja hvern fisk til klakárs. Fiskrækt með gönguseiðasleppingum hefur verið stunduð í Þverá og var 30.000 gönguseiðum sleppt í ána árlega árin 2022, 2023 og 2024. Við greiningu hreisturgagna var sérstaklega horft eftir því hvort laxar úr gönguseiðasleppingum skiluðu sér til baka í laxveiðina en þá má þekkja í greiningu á hreistri á því að fjöldi ára í ferskvatni er eingöngu eitt ár meðan algengt er að laxar af náttúrulegu klaki árinna dvelji í 3 – 5 ár í ánni fram að útgöngu til sjávar. Hlutfall laxa af eldisuppruna af heildarfjölda sýna var notað til að reikna áætlaðan fjölda fiska úr gönguseiðasleppingum í stangveiðinni 2025.

Leiðrétt var fyrir fjölda laxa á endurtekinni hrygningu sem voru í smálaxastærð en þeir eru a.m.k. tveggja ára úr sjó (stórlax). Hlutfall þeirra af heildarfjölda smálaxasýna var fundið og margfaldað með fjölda smálaxa í veiðinni. Þannig færast ákveðinn fjöldi smálaxa yfir í fjölda stórlaxa og svolitlu getur munað í samanburði við skráða veiði í veiðibækur. Út frá aldursgreiningu hreistursýna var uppfærður fjöldi smálaxa og stórlaxa í veiðinni rakinn til klakárganga. Þegar fá sýni berast af stórlöxum úr veiðinni er leitast við að áætla skiptingu þeirra eftir klakárgöngum út frá aldursgreiningu á smálöxum árið áður. Skipting veiðinnar eftir klakárgöngum var færð í langtímatöflu um endurheimtur klakárganga út frá hreistursýnum í laxveiðinni í Þverá 1999 – 2025 (Viðauki 6).

2.3 Seiðarannsóknir.

Seiðamælingar á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði voru gerðar dagana 12., 13. og 18. ágúst 2025. Stöðvar í reglulegri vöktun voru mældar og skiptast þannig að sex eru í Kjarará (3 – 7), sex í Þverá (8 – 13) og tvær í Litlu Þverá (14 – 15) (1. Mynd: Viðauki 1). Farin var ein yfirferð í rafveiði og reiknuð út seiðavísitala eftir tegundum og aldursþópum. Seiðavísitala er fjöldi seiða sem veiðist á 100 m² af botnfleti árinna. Aðferðum við seiðamælingar, sýnatöku og úrvinnslu gagna hefur áður verið gerð góð skil (Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Guðni Guðbergsson, 2012). Niðurstöður mælinga hvað varðar meðallengdir og seiðavísitölu allra tegunda voru settar fram eftir aldursþópum. Niðurstöður aldursþópa laxaseiða voru bornar saman við langtímameðaltöl. Holdastuðull laxa- og

urriðaseiða var reiknaður (K) (Bagenal og Tesch, 1978) fyrir hvern aldurshóp: $K = (\text{þyngd (g)}/\text{lengd}^3(\text{cm})) * 100$. Holdastuðullinn er mælikvarði á holdafar seiða, en laxa- og urriðaseiði í eðlilegum holdum hafa stuðul nálægt gildinu 1,0.



1. mynd. Vatnakerfi Þverár í Borgarfirði. Staðsetning seiðarannsóknastöðva er sýnd (númer og rauður hringur). Stöðvar 3 – 13 og 15 – 16 eru í reglulegri vöktun.

2.4 Vatnshiti

Vatnshiti hefur verið skráður í Þverá neðan við Norðtungu með síritandi hitamæli frá árinu 2001. Mælirinn staðsettur í stórgrýti rétt ofan brúar við vestanverðan bakka árinna (Viðauki 1). Mælirinn er af gerðinni DST centi-T og mælir á einnar klst. fresti. Niðurstöður mælinga (2001 – 2025) voru sóttar í vatnshitagrunn Hafrannsóknastofnunar. Mælingar glötuðust á 30 mánaða tímabili frá nóvember 2007 til apríl 2010 og á 26 mánaða tímabili frá september 2020 til október 2022.


3 Niðurstöður

3.1 Stangveiði


Á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2025 (Kjarará, Þverá og Litla Þverá) veiddist 1.871 lax (Tafla 1) sem er 16,5% minni veiði en árið 2024 og 4,0% undir meðalveiði tímabilsins 1974 – 2024 (1.949 fiskar) (2. mynd). Laxveiðin skiptist í 1.354 smálaxa (72,4%) og 517 stórlaxa (27,6%) og var stórum hluta veiðinnar sleppt (81,1%) (Tafla 1; 3. mynd). Fjöldi urriða/sjóbirtinga í stangveiðinni var 140 (Tafla 1) og var veiðin 8,9% yfir meðaltali tímabilsins 1987 – 2024 (129 fiskar) (3. mynd). Auk lax og urriða veiddust þrjár bleikjur (Tafla 1).

Tafla 1. Veiði eftir tegundum á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2025, skipt eftir fjölda landaðra (Afli), fjölda og hlutfalli slepptra fiska (Sleppt) sem og heildarveiði (Veiði).


| Tegund | Afli | Sleppt | Veiði | Sleppt (%) |
|----------|------|--------|-------|------------|
| Bleikja | 3 | 0 | 3 | 0,0 |
| Smálax | 331 | 1.023 | 1.354 | 75,6 |
| Stórlax | 23 | 494 | 517 | 95,6 |
| Lax alls | 354 | 1.517 | 1.871 | 81,1 |
| Urriði | 137 | 3 | 140 | 2,1 |



2. mynd. Laxveiðin á vatnasvæði Þverár 1974 – 2025. Greint er á milli smálax/stórlax frá 1979. Lárétt lína er meðalveiði tímabilsins 1974 – 2024.



3. mynd. Urriðaveiði á vatnasvæði Þverár 1987 – 2025. Lárétt lína er meðalveiði tímabilsins 1987 – 2024.



4. mynd. Hlutfall veitt og sleppt af heildarstangveiði á laxi á vatnasvæði Þverár 1999 – 2025. Afli er landaður fiskur.

Af kyngreindum löxum voru hrygnur í minnihluta, bæði hjá smálöxum (27,3%) og stórlöxum (43,0%) og var áætluð meðalþyngd smálaxa 2,69 kg og stórlaxa 5,09 kg (Tafla 2). Þyngd bleikjanna var skráð í öllum tilfellum og var meðalþyngdin 0,77 kg en þyngd urriðanna var skráð í fáum tilfellum. Taka þarf áætlaða þyngd urriðaveiðinnar með fyrirvara (0,88 kg að meðaltali) þar sem notast er við samband lengdar og þyngdar sem skilgreint hefur verið fyrir lax (Tafla 2).

Tafla 2. Fjöldi laxa í stangaveiði á vatnasvæði Þverár 2025, mældar og áætlaðar meðalþyngdir og meðallengdir, heildarþyngd eftir kynjum og kynjahlutföll eftir árum í sjó. Athugið að þyngd er líklega skráð í veiðigrunn út frá töflu um áætlaða þyngd miðað við lengdarmælingu, þ.e. ekki raunverulega veginn.


| Kyn | Fjöldi | Mæld_meðalþyngd | Áætluð_meðalþyngd | Mæld_meðallengd | Áætluð_meðallengd | Heildarþyngd | Kyn (%) |
|----------------|--------------|-----------------|-------------------|-----------------|-------------------|-----------------|---------|
| Smálax | | | | | | | |
| Hængur | 965 | 2,75 | 2,75 | 62,88 | 62,88 | 2.653,88 | 72,72 |
| Hrygna | 362 | 2,53 | 2,53 | 60,96 | 60,96 | 917,12 | 27,28 |
| Óþekkt | 27 | 2,69 | 2,69 | 62,30 | 62,30 | 72,50 | |
| Alls | 1.354 | 2,69 | 2,69 | 62,35 | 62,35 | 3.643,50 | |
| Stórlax | | | | | | | |
| Hængur | 289 | 4,86 | 4,84 | 76,29 | 76,29 | 1.397,72 | 57,00 |
| Hrygna | 218 | 5,42 | 5,42 | 79,67 | 79,67 | 1.180,78 | 43,00 |
| Óþekkt | 10 | 5,19 | 5,19 | 78,60 | 78,60 | 51,90 | |
| Alls | 517 | 5,10 | 5,09 | 77,76 | 77,76 | 2.630,40 | |

Tafla 3. Fjöldi bleikja og urriða í stangaveiði á vatnasvæði Þverár 2025, mældar og áætlaðar meðalþyngdir og meðallengdir. Athugið að meðalþyngdir eru áætlaðar út frá sambandi lengdar og þyngdar hjá laxi og því er meðalþyngd urriða líklega vanmetin.

| Kyn | Fjöldi | Mæld_meðalþyngd | Áætluð_meðalþyngd | Mæld_meðallengd | Áætluð_meðallengd | Heildarþyngd | Kyn (%) |
|----------------|------------|-----------------|-------------------|-----------------|-------------------|---------------|---------|
| Bleikja | | | | | | | |
| Hrygna | 2 | 0,91 | 0,91 | 39,51 | 39,51 | 1,81 | 100,00 |
| Óþekkt | 1 | 0,51 | 0,51 | 36,07 | 36,07 | 0,51 | |
| Alls | 3 | 0,77 | 0,77 | 38,36 | 38,36 | 2,32 | |
| Urriði | | | | | | | |
| Hængur | 29 | 1,20 | 1,49 | 49,72 | 49,72 | 43,10 | 85,29 |
| Hrygna | 5 | | 1,06 | 45,00 | 45,00 | 5,30 | 14,71 |
| Óþekkt | 106 | 0,86 | 1,06 | 45,57 | 43,47 | 87,07 | |
| Alls | 140 | 0,88 | 1,17 | 47,08 | 45,10 | 135,47 | |

Bleikjurnar þrjár í stangveiðinni voru á bilinu 30 – 49 cm og var meðallengd þeirra 36 cm (Tafla 3; 5. mynd). Laxveiðin var skráð frá 40 – 102 cm og var meðallengd smálaxa 62,4 cm en meðallengd stórlaxa 77,8 cm (Tafla 3; 5. mynd). Urriðaveiðin var skráð á bilinu 30 – 67 cm auk þess sem einn fiskur var 87 cm (5. mynd). Áætluð meðallengd urriða var 45,1 cm (Tafla 3).

Litla Þverá Borgarfirði / Þverá Þverárhlið, Borg. árið 2025



5. mynd. Lengdardreifing stangveiddra fiska eftir tegundum á vatnasvæði Þverá 2025.

3.2 Hreistursýni og endurheimtur úr gönguseiðasleppingum

Samtals var 64 hreistursýnum (Tafla 4) safnað úr stangveiðinni í Þverá eða sem nemur af 3,4% heildarveiði. Engin sýni komu úr Kjarará né Litlu Þverá. Öll sýnin utan eitt voru af löxum á sinni fyrstu hrygningargöngu (61 smálax og 2 stórlaxar) (Tafla 4). Lengd vantaði við skráningu hreistursupplýsinga af einum smálaxi. Gotmerki (merki um fyrri hrygningu) sást í einu hreistursýni sem tekið var af hrygnu í smálaxastærð (56 cm) (Tafla 5). Hrygnan var hluti af smálaxagöngunni 2024 og lífði hrygninguna af. Hún gekk aftur til sjávar 2025 en snéri samsumars aftur í ána (Tafla 5). Af heildarúrtaki sýna voru sex hreistur (9,4%) rakin til laxa úr seiðasleppingu, þ.e. með eins árs ferskvatnsdvöl (Tafla 4; Tafla 6). Önnur sýni komu af löxum af náttúrulegu klaki árinna, með ferskvatnsaldur á bilinu þrjú til fimm ár (Tafla 4) þar sem meðalaldur smálaxa ($n=54$) var 3,7 ár og stórlaxa ($n=2$) 3,5 ár (Tafla 6). Bakreiknuð gönguseiðalengd smálaxa sýndi að mikill munur var á meðallengd, hvort um var að ræða seiði af eldisuppruna (19,6 cm) eða seiði af náttúrulegu klaki árinna (13,4 cm) (Tafla 6).

Tafla 4. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa í aldursgreiningum á hreistursýnum úr stangveiði í Þverá í Borgarfirði 2025 Hæ=hængar, Hr=hrygnur, Óvíst =kyn ekki skráð. Greint er frá ef lax er á endurtekinni hrygningargöngu (G=hefur áður hrygnt). *eldisuppruni/seiðaslepping.

| Ferskvatns-aldur (ár) | 1. hrygningarganga | | | | | | 2. hrygningarganga | | Samtals fjöldi | |
|-----------------------|---------------------|----|----|---------|----------------------|---------|--------------------|------|----------------|------|
| | Smálax (1 ár í sjó) | | | | Stórlax (2 ár í sjó) | | Alls | 1G+1 | | Alls |
| | Óvíst | Hæ | Hr | Samtals | Hr | Samtals | | Hr | | |
| *1+ | 0 | 5 | 1 | 6 | 0 | 0 | 6 | 0 | 0 | 6 |
| 2+ | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 3+ | 3 | 10 | 6 | 19 | 1 | 1 | 20 | 1 | 1 | 21 |
| 4+ | 0 | 22 | 10 | 32 | 1 | 1 | 33 | 0 | 0 | 33 |
| 5+ | 0 | 1 | 3 | 4 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 4 |
| Samtals | 3 | 38 | 20 | 61 | 2 | 2 | 63 | 1 | 1 | 64 |

Tafla 5. Upplýsingar um lax á endurtekinni hrygningu í hreisturrannsóknnum úr laxveiðinni í Þverá í Borgarfirði 2025.

| Dags. veiði | Lengd (cm) | Þyngd (g) | Kyn | FA (ár) | Ár í sjó (fj) | Hrygnt (hve oft) | Aldur | Klakár | Athugasemdir |
|-------------|------------|-----------|--------|---------|---------------|------------------|-------|--------|------------------------------------|
| 18.7.2025 | 56 | | Hrygna | 3 | 1 | 1 | 03:02 | 2020 | Stutt sjávardvöl eftir 1.hrygningu |

Tafla 6. Niðurstöður hreisturrannsókna úr laxveiðinni í Þverá í Borgarfirði 2025, sundurliðaðar eftir uppruna og aldri í sjó. Um er að ræða lengdarmælda laxa á sinni fyrstu hrygningargöngu. Fram kemur fjöldi sýna, aldur í ferskvatni og bakreiknuð lengd gönguseiða sem og lengd (eftir því sem við á) eftir 1. og 2. vetur í sjó, auk meðallengdar hvers hóps við veiði.

| Aldur í sjó og uppruni | Fjöldi | Aldur í ferskvatni | Bakreiknuð lengd eftir hreistri (cm) | | | Lengd við veiði (cm) |
|------------------------|--------|--------------------|--------------------------------------|----------------|----------------|----------------------|
| | | | Gönguseiði | 1. vetur í sjó | 2. vetur í sjó | |
| Smálax eldi. | 6 | 1 | 19,6 | 47,9 | | 61,8 |
| Smálax náttúrul. | 54 | 3,7 | 13,3 | 44,9 | | 61,7 |
| Stórlax náttúrul. | 2 | 3,5 | 14,5 | 46,4 | 74,4 | 80,0 |

Samtals voru 10,5% laxveiðinnar rakin til gönguseiðasleppinga (klakár 2022 og 2023) og lax af náttúrulegu klaki í ánni mátti rekja til fjögurra klakárganga (2018 – 2021) (Tafla 7). Af heildarveiði kom hátt í helmingur (47,9%) laxa úr klaki ársins 2020 og tæplega fjórðungur (23,4%) úr klaki ársins 2021 (Tafla 7). Niðurstöður aldursgreiningar á hreistri umreiknaðar á veiðina 2025 bentu til þess að 131 smálax hafi skilað sér úr sleppingum gönguseiða 2024 og 66 stórlaxar úr sleppingum gönguseiða 2023 (Tafla 7). Laxar úr sleppingunum 2022 og 2023 hafa að öllum líkindum skilað sér að fullu en sleppingin 2024 gæti átt eftir að skila stórlöxum í veiðina árið 2026.

Tafla 7. Laxveiðin (smálax og stórlax) á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2025 rakin til klakárganga út frá niðurstöðum hreisturrannsókna úr veiðinni. *Klak í eldisstöð.

| Klakár | Smálax | Stórlax | Samtals | % |
|---------|--------|---------|---------|------|
| *2023 | 131 | 0 | 131 | 7,0 |
| *2022 | 0 | 66 | 66 | 3,5 |
| 2021 | 415 | 22 | 437 | 23,4 |
| 2020 | 699 | 198 | 897 | 47,9 |
| 2019 | 87 | 237 | 324 | 17,3 |
| 2018 | 0 | 17 | 17 | 0,9 |
| Samtals | 1.332 | 539 | 1.871 | 100 |

Tafla 8. Áætlaður fjöldi laxa í stangveiðinni á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði árin 2023, 2024 og 2025 sem skila sér úr sleppingum sjógönguseiða árin 2022, 2023 og 2024.

| Gönguseiðasleppingar | | Endurheimtur smálaxa árið n+1 | Endurheimtur stórlaxa árið n+2 | Samtals | % |
|----------------------|--------|----------------------------------|-----------------------------------|---------|------|
| Ár | Fj | | | | |
| 2022 | 30.000 | 76 | 30 | 106 | 0,35 |
| 2023 | 30.000 | 227 | 66 | 293 | 0,98 |
| 2024 | 30.000 | 131 | | 131 | 0,44 |
| Öll árin | 90.000 | 434 | 96 | 530 | 0,59 |

3.3 Seiðarannsóknir


Í seiðamælingum á vatnasvæði Þverár veiddust 750 laxaseiði af fimm aldurshópum (0+ - 4+) (Tafla 9) og 104 urriðaseiði af fjórum aldurshópum (0+ - 3+) (Tafla 10). Nokkur breytileiki var á meðallengdum aldurshópanna milli ársvæða (Tafla 9 og 10). Meðaltal lengdar fyrir allar stöðvar sýndi að 0+ laxaseiði voru lítillega yfir meðaltali (1996 – 2025) en aldurshóparnir 1+, 2+ og 3+ voru allir undir meðaltali lengdar (9. mynd; Viðauki 2). Auk laxa- og urriðaseiða veiddist eitt veturgamalt (1+) bleikjuseiði (8,1 cm) á stöð nr. 8 og eitt hornsíli (3,3 cm) á stöð nr. 5 (Tafla 10; Tafla 12).

Tafla 9. Fjöldi laxaseiða, meðallengd og staðalfrávik hjá öllum aldurshópum á hverri stöð og fyrir svæðið allt í seiðamælingum á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 12., 13. og 18. ágúst 2025.

| Rafveiðistöð (nr) | Lax 0+ | | | Lax 1+ | | | Lax 2+ | | | Lax 3+ | | | Lax 4+ | | | Samtals fjöldi |
|----------------------|--------|-----|------|--------|-----|------|--------|-----|------|--------|------|------|--------|------|------|-------------------|
| | Fj | MI | SD | Fj | MI | SD | Fj | MI | SD | Fj | MI | SD | Fj | MI | SD | |
| 3 | 12 | 3,4 | 0,35 | 17 | 5,7 | 0,55 | 16 | 7,9 | 0,47 | 15 | 9,8 | 0,74 | 1 | 11,7 | | 61 |
| 4 | 45 | 3,8 | 0,37 | 21 | 5,8 | 0,36 | 25 | 7,8 | 0,72 | 7 | 10,2 | 0,68 | 2 | 11,9 | 0,14 | 100 |
| 5 | 43 | 3,6 | 0,31 | 34 | 5,5 | 0,26 | 6 | 8,0 | 0,65 | 2 | 10,9 | 1,06 | | | | 85 |
| 6 | 20 | 3,8 | 0,43 | 25 | 5,6 | 0,29 | 29 | 7,1 | 0,53 | 10 | 9,3 | 0,49 | | | | 84 |
| 7 | 23 | 4,1 | 0,27 | 6 | 6,2 | 0,30 | 8 | 7,9 | 0,28 | 2 | 9,4 | 0,28 | | | | 39 |
| 8 | 14 | 4,5 | 0,25 | 2 | 6,7 | 0,49 | 6 | 8,9 | 0,74 | | | | | | | 22 |
| 9 | 24 | 4,4 | 0,45 | 5 | 6,1 | 0,19 | 6 | 8,0 | 0,71 | | | | | | | 35 |
| 10 | 5 | 4,4 | 0,27 | 19 | 6,2 | 0,31 | 2 | 8,5 | 0,49 | | | | | | | 26 |
| 10,5 | 25 | 4,3 | 0,27 | 7 | 6,1 | 0,37 | | | | | | | | | | 32 |
| 11 | 61 | 4,1 | 0,29 | 4 | 6,0 | 0,56 | | | | | | | | | | 65 |
| 12 | 10 | 4,2 | 0,24 | 1 | 7,1 | | | | | | | | | | | 11 |
| 13 | 21 | 4,3 | 0,30 | 3 | 6,5 | 0,78 | 1 | 9,2 | | | | | | | | 25 |
| 15 | 41 | 3,8 | 0,23 | 17 | 6,2 | 0,50 | 25 | 8,0 | 0,52 | 19 | 10,0 | 0,49 | | | | 102 |
| 16 | 1 | 3,5 | | 38 | 6,5 | 0,57 | 16 | 8,2 | 0,35 | 8 | 9,5 | 0,37 | | | | 63 |
| Allar stöðvar (3–16) | 345 | 4,0 | 0,43 | 199 | 6,0 | 0,56 | 140 | 7,8 | 0,71 | 63 | 9,8 | 0,66 | 3 | 11,8 | 0,15 | 750 |
| Kjarará (3–8) | 157 | 3,8 | 0,44 | 105 | 5,7 | 0,41 | 90 | 7,7 | 0,75 | 36 | 9,8 | 0,76 | 3 | 11,8 | 0,15 | 391 |
| Þverá (9–13) | 146 | 4,2 | 0,34 | 39 | 6,2 | 0,40 | 9 | 8,3 | 0,71 | | | | | | | 194 |
| Litla Þverá (15–16) | 42 | 3,8 | 0,23 | 55 | 6,4 | 0,56 | 41 | 8,1 | 0,47 | 27 | 9,8 | 0,51 | | | | 165 |

Tafla 10. Fjöldi urriðaseiða, meðallengd og staðalfrávik hjá öllum aldurshópum á hverri stöð og fyrir svæðið allt í seiðamælingum á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 12., 13. og 18. ágúst 2025.

| Rafveiðistöð (nr) | Urriði 0+ | | | Urriði 1+ | | | Urriði 2+ | | | Urriði 3+ | | | Samtals fjöldi |
|----------------------|-----------|-----|------|-----------|-----|------|-----------|------|------|-----------|------|------|----------------|
| | Fj | MI | SD | Fj | MI | SD | Fj | MI | SD | Fj | MI | SD | |
| 3 | | | | | | | | | | | | | 0 |
| 4 | | | | | | | | | | | | | 0 |
| 5 | | | | | | | | | | | | | 0 |
| 6 | | | | | | | | | | | | | 0 |
| 7 | 15 | 4,1 | 0,46 | 3 | 7,4 | 0,66 | | | | 2 | 10,8 | 0,07 | 20 |
| 8 | 3 | 5,2 | 0,55 | 1 | 7,9 | | 1 | 9,8 | | | | | 5 |
| 9 | 3 | 4,5 | 0,84 | | | | | | | | | | 3 |
| 10 | 8 | 4,4 | 0,45 | 3 | 7,8 | 0,61 | | | | | | | 11 |
| 10,5 | 6 | 4,3 | 0,25 | 1 | 7,5 | | | | | | | | 7 |
| 11 | | | | | | | | | | | | | 0 |
| 12 | 17 | 4,8 | 0,47 | 1 | 6,9 | | | | | | | | 18 |
| 13 | 11 | 4,5 | 0,30 | | | | | | | | | | 11 |
| 15 | 3 | 5,1 | 1,59 | 4 | 8,3 | 1,24 | 4 | 11,7 | 0,74 | 2 | 14,1 | 1,06 | 13 |
| 16 | 10 | 4,1 | 0,45 | 4 | 7,9 | 0,64 | 2 | 10,2 | 0,07 | | | | 16 |
| Allar stöðvar (3–16) | 76 | 4,5 | 0,58 | 17 | 7,8 | 0,78 | 7 | 11,0 | 1,02 | 4 | 12,4 | 2,00 | 104 |
| Kjarará (3–8) | 18 | 4,3 | 0,60 | 4 | 7,5 | 0,59 | 1 | 9,8 | | 2 | 10,8 | 0,07 | 25 |
| Þverá (9–13) | 45 | 4,6 | 0,46 | 5 | 7,6 | 0,58 | | | | | | | 50 |
| Litla Þverá (15–16) | 13 | 4,4 | 0,87 | 8 | 8,1 | 0,94 | 6 | 11,2 | 0,96 | 2 | 14,1 | 1,06 | 29 |



6. mynd. Meðallengdir aldurshópa laxaseiða á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 1996 – 2025. Ath. mismunandi gildi á Y ás.

Samanlögð seiðavísitala (meðaltal stöðva) allra aldurshópa laxaseiða var 31,7/100 m² sem er 21,6% undir meðaltali (40,4/100 m²) (Viðauki 2). Hæst var seiðavísitalan í Litlu Þverá (48,4/100 m²), næst hæst í Kjarará 39,5/100 m² og lægst í Þverá (18,3/100 m²) (Tafla 11). Vísitala sumargömlu laxaseiðanna (0+)

2025 var 10,6% undir meðaltali en svipuð vísitölu sama aldurshóps 2024. Vísitala veturgömlu (1+) seiðanna var hátt í helmingi minni (8,1/100 m²) en meðaltalið og er sú minnsta sem mælst hefur frá 2008 (12. mynd; Viðauki 2). Tveggja vetra seiðin (2+) voru um 9,0% undir meðallagi en vísitala þriggja vetra seiðanna (3+) var vel yfir meðaltali (21,6%).


Tafla 11. Seiðavísitala (fjöldi/100 m²) laxaseiða á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 12., 13. og 18. ágúst 2025. Neðst er meðaltal stöðva tekið saman fyrir allt svæðið annarsvegar og hverja á/árhauta hinsvegar.

| Stöð (nr) | Svæði (m ²) | Lax | | | | | Samtals |
|----------------------|-------------------------|------|------|------|------|-----|---------|
| | | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ | 4+ | |
| 3 | 173 | 6,9 | 9,8 | 9,2 | 8,7 | 0,6 | 35,2 |
| 4 | 145 | 31,0 | 14,4 | 17,2 | 4,8 | 1,4 | 68,8 |
| 5 | 174 | 24,7 | 19,5 | 3,4 | 1,1 | 0,0 | 48,8 |
| 6 | 161 | 12,4 | 15,5 | 18,0 | 6,2 | 0,0 | 52,2 |
| 7 | 204 | 11,3 | 2,9 | 3,9 | 1,0 | 0,0 | 19,2 |
| 8 | 172 | 8,1 | 1,2 | 3,5 | 0,0 | 0,0 | 12,8 |
| 9 | 215 | 11,1 | 2,3 | 2,8 | 0,0 | 0,0 | 16,3 |
| 10 | 239 | 2,1 | 7,9 | 0,8 | 0,0 | 0,0 | 10,9 |
| 10,5 | 147 | 17,0 | 4,8 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 21,8 |
| 11 | 162 | 37,6 | 2,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 40,1 |
| 12 | 204 | 4,9 | 0,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 5,4 |
| 13 | 164 | 12,8 | 1,8 | 0,6 | 0,0 | 0,0 | 15,2 |
| 15 | 158 | 25,9 | 10,7 | 15,8 | 12,0 | 0,0 | 64,4 |
| 16 | 194 | 0,5 | 19,6 | 8,2 | 4,1 | 0,0 | 32,4 |
| Allar stöðvar (3–16) | 2.513 | 14,7 | 8,1 | 6,0 | 2,7 | 0,1 | 31,7 |
| Kjarará (3–8) | 1.029 | 15,7 | 10,6 | 9,2 | 3,6 | 0,3 | 39,5 |
| Þverá (9–13) | 1.131 | 14,3 | 3,3 | 0,7 | 0,0 | 0,0 | 18,3 |
| Litla Þverá (15–16) | 353 | 13,2 | 15,1 | 12,0 | 8,1 | 0,0 | 48,4 |

Samanlögð seiðavísitala allra aldurshópa urriðaseiða var 4,0/100 m² og var vísitalan hæst í Litlu Þverá (8,2/100 m²) en lægst í Kjarará (2,1/100 m²) (Tafla 12). Að meðaltali hefur seiðavísitala urriða í seiðamælingum á vatnasvæði Þverár á tímabilinu 1996 – 2025 verið 3,4/100 m² (Viðauki 3).

Tafla 12. Seiðavísitala (fjöldi/100 m²) urriðaseiða á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 12., 13. og 18. ágúst 2025. Neðst er meðaltal stöðva tekið saman fyrir allt svæðið annarsvegar og hverja á/árhluða hinsvegar.

| Stöð (nr) | Svæði (m ²) | Bleikja | Hornsíli | Urriði | | | | Samtals |
|----------------------|-------------------------|---------|------------|--------|-----|-----|-----|---------|
| | | 1+ | Aldur ógr. | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ | |
| 3 | 173 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 4 | 145 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 5 | 174 | 0,0 | 0,6 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 6 | 161 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 7 | 204 | 0,0 | 0,0 | 7,4 | 1,5 | 0,0 | 1,0 | 9,8 |
| 8 | 172 | 0,6 | 0,0 | 1,7 | 0,6 | 0,6 | 0,0 | 2,9 |
| 9 | 215 | 0,0 | 0,0 | 1,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,4 |
| 10 | 239 | 0,0 | 0,0 | 3,3 | 1,3 | 0,0 | 0,0 | 4,6 |
| 10,5 | 147 | 0,0 | 0,0 | 4,1 | 0,7 | 0,0 | 0,0 | 4,8 |
| 11 | 162 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 | 204 | 0,0 | 0,0 | 8,3 | 0,5 | 0,0 | 0,0 | 8,8 |
| 13 | 164 | 0,0 | 0,0 | 6,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 6,7 |
| 15 | 158 | 0,0 | 0,0 | 1,9 | 2,5 | 2,5 | 1,3 | 8,2 |
| 16 | 194 | 0,0 | 0,0 | 5,1 | 2,1 | 1,0 | 0,0 | 8,2 |
| Allar stöðvar (3–16) | 2.513 | 0,0 | 0,0 | 2,9 | 0,6 | 0,3 | 0,2 | 4,0 |
| Kjarará (3–8) | 1.029 | 0,1 | 0,1 | 1,5 | 0,3 | 0,1 | 0,2 | 2,1 |
| Þverá (9–13) | 1.131 | 0,0 | 0,0 | 4,0 | 0,4 | 0,0 | 0,0 | 4,4 |
| Litla Þverá (15–16) | 353 | 0,0 | 0,0 | 3,5 | 2,3 | 1,8 | 0,6 | 8,2 |



7. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m²) aldurshópa laxaseiða á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 1996 – 2025. Ath. mismunandi gildi á Y ás.

Holdastuðull (K) allra aldurshópa laxa- og urriðaseiða lýsti seiðum í góðum holdum en holdastuðull laxaseiða var 1,06 að meðaltali og holdastuðull urriðaseiða var 1,09 að meðaltali (Tafla 13).

Tafla 13. Holdastuðull (K= Condition factor) laxa- og urriðaseiða á vatnasvæði Þverár 12., 13. og 18. ágúst 2025.

| Ferkvatns- aldur (ár) | Lax | | | Urriði | | |
|--------------------------|-----|------|------|--------|------|------|
| | Fj | K | SD | Fj | K | SD |
| 0+ | 325 | 1,06 | 0,13 | 74 | 1,09 | 0,13 |
| 1+ | 197 | 1,06 | 0,08 | 17 | 1,08 | 0,05 |
| 2+ | 140 | 1,07 | 0,07 | 7 | 1,05 | 0,03 |
| 3+ | 63 | 1,06 | 0,07 | 4 | 1,07 | 0,05 |
| 4+ | 3 | 1,09 | 0,07 | | | |
| Alls | 728 | 1,06 | 0,10 | 102 | 1,09 | 0,12 |

3.4 Vatnshiti

Vatnshitamælingar í Þverá í Borgarfirði árið 2025 ná yfir tímabilið janúar til og með október. Mánaðarmeðaltöl á árinu voru í öllum tilfellum, að janúar og júní undanskildum, yfir langtímameðaltali mánaða (2001 – 2025). Minnt er á að ekki er um samfelldar mælingar á vatnshita að ræða yfir allt tímabilið (sjá aðferðir). Jákvætt frávik einstaka mánaða frá meðaltali var mest í maí (3,43°C) og hefur mánaðarmeðaltal í maí ekki mælst hærra frá upphafi mælinga. Jákvætt frávik frá meðaltali í júlí var 1,03°C og 0,53°C bæði í ágúst og september. Í júní var meðalhiti mánaðarins 0,55°C undir meðaltali (Viðauki 4).

4 Umræður

Í bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu kemur fram að stangveiði á villtum laxi í ám á Íslandi árið 2025 dróst saman um 33% frá árinu 2024 og er einnig um 33% undir meðalveiði frá 1974 (Hafrannsóknastofnun, 2025; Guðni Guðbergsson 16. febrúar 2026). Hér er átt við stangveiði þegar búið er að undanskilja fjölda laxa úr hafbeitarsleppingum en ekki hefur verið leiðrétt fyrir þeim fjölda laxa er kunna að veiðast aftur eftir að hafa verið veitt og sleppt. Miklar sveiflur hafa einkennt laxveiðina á landinu öllu í á annan áratug (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Fjöldi laxa sem gengur í árnar ár hvert er m.a. háður fjölda gönguseiða sem halda til sjávar árin á undan og afdrifum þeirra í sjávardvölinni. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi og eru ástæður þess ekki fyllilega þekktar. Þó má nefna að sýnt hefur verið fram á að hitafar sjávar er einn af lykilþáttum í laxgengd og laxveiði hverju sinni (Olmos ofl., 2020).

Samdráttur var í laxveiðinni á vatnasvæði Þverár á árunum 2019 – 2023 og var veiðin langt undir meðalveiði en glæddist talsvert árið 2024 og var þá um 30% yfir meðalveiði 1974 – 2024 (Sigurður Már Einarsson o.fl., 2025). Árið 2025 dróst veiðin aftur saman en var þá rétt undir meðalveiði. Aldursgreining á hreistri úr laxveiðinni sýndi að rekja mætti 70 % laxveiðinnar til klakárganga 2020 (47,9%) og 2021 (23,4%). Klakárgangur 2020 mældist nokkuð yfir meðallagi í þéttleika sem 0+ seiði og klakárgangur 2021 mældist langt fyrir ofan meðaltal. Í laxagöngum sumarsins 2026 má gera ráð fyrir að klakárgangur 2021 og 2022 standi undir smálaxaveiðinni á vatnasvæði Þverár. Sem fyrr segir var klakárgangur 2021 sterkur en á móti kemur að klakárgangur 2022 mældist slakur.

Seiðavísitala yngstu aldurshópanna (0+ og 1+) á vatnasvæði Þverár hefur mælst undir meðaltali undanfarin ár. Sumargömlu seiðin hafa verið undir meðaltali frá 2022 en síðustu tvö árin þó einungis lítillega neðan við það. Vísitala veturgömlu seiðanna hefur hinsvegar verið undir meðaltali frá 2020 og árið 2025 mældist vísitalan sú minnsta hjá aldurshópnum frá 2008, enda var hrygningarstofninn haustið 2023 líklega með minnsta móti. Meiri breytileiki hefur mælst í vísitölu eldri seiðanna undanfarin ár en vísitalan getur einnig verið að sýna breytileika í vexti og gönguseiðaaldri en ekki einungis styrkari árganga. Um aldamótin 2000 var farið að sleppa lifandi laxi (veiða og sleppa) á vatnasvæði Þverár og framan af var hlutfall þess af heildarveiði fremur lágt en í veiðinni árið 2013 jókst hlutdeildin til mikilla muna og á tímabilinu 2013 - 2023 var hlutfallið orðið 54,0% að meðaltali. Á síðustu tveimur árum var hlutdeild veiða og sleppa af heildarveiði yfir 80% og er án efa þýðingarmikill þáttur til að styrkja hrygningu í ánni.

Stjórn Veiðfélags Þverár tók þá ákvörðun að hefja fiskrækt með gönguseiðasleppingum árið 2022, með það að markmiði að auka fiskgengd og veiði (Sigurður Már Einarsson o.fl., 2025). Á árunum 2022 – 2024 var 30 þúsund gönguseiðum sleppt ár hvert í Þverá. Engum gönguseiðum var sleppt 2025 og ekki ætlar veiðifélagið að halda gönguseiðasleppingum áfram að sinni. Með rannsóknum á hreistri úr veiðinni er m.a. leitast við að meta endurheimtur úr sleppingunum. Búist er við að fiskar úr sleppingum 2022 og 2023 hafi skilað sér að fullu en hluti stórlaxaveiðinnar 2026 gæti átt uppruna úr sleppingum gönguseiða 2024. Niðurstöður hreisturrannsókna sýna að endurheimtuhlutfallið í veiði er lágt eða 0,35% úr sleppingunum 2022 og tæplega 1,0% úr sleppingum 2023. Þetta eru sambærilegar endurheimtur og koma fram vegna gönguseiðasleppinga í Rangárnar (ICES WGNAS 2026, tafla 3.3.2.2). Endurheimtur laxaseiða úr gönguseiðasleppingum er yfirleitt mun minni en endurheimtur náttúrulegra gönguseiða (ICES, 2026).

Oft hefur söfnun hreistursýna úr stangveiðinni á vatnasvæði Þverá verið öflug og fengist hefur ágæt mynd af aldursamsetningu laxastofnsins. Mikilvægt er að dreifa sýnatökunni yfir veiðitímann og einnig að taka sýni ef mögulegt er á öllu veiðisvæðinu. Árið 2025 var 64 hreistursýnum safnað úr stangveiðinni í Þverá en engum úr veiðinni í Kjarará né Litlu Þverá og var hlutfall sýna af heildarveiði lágt. Söfnun hreisturs úr stangveiðinni undanfarin ár hefur farið minnkandi og líklega vegna þess hve miklum hluta veiðinnar er sleppt (veitt og sleppt). Vakin er athygli á því að það er vel framkvæmanlegt að taka hreistur af lifandi fiski á árbakkanum þó vissulega þurfi að huga að góðri meðferð á fiskinum og þess gætt að særa hann ekki (aðferðir í Viðauki 5). Öflug sýnataka hreisturs, bæði af smálaxi og stórlaxi, getur gefið raunsanna mynd af aldursamsetningu stofnsins auk þess sem hægt er að greina fiska af eldisuppruna í hreistrinu, t.d. fiska úr snemmbúnu stroki úr sjókvíelda sem hafa ekki endilega áberandi útlitseinkenni.

Ráðgjöf

Þrátt fyrir seiðavísitölur í lægra lagi er ekki mælt með breytingum á veiðistjórnun að sinni. Síðustu seiðaárgangar komu flestir úr hrygningu þegar stofnstærð var í minna lagi og eins hafa sum síðustu ár í ferskvatni verið í kaldara lagi og óhagstæð seiðavexti.

Hvatt er til aukinnar hreistursöfnunar úr stangveiðinni, bæði af smálaxi og stórlaxi. Lögð er áhersla á að söfnun sýna fari fram á öllu veiðisvæðinu. Jafnframt er hvatt til þess að hreistursýni verði tekin af urriða/sjóbirtings-veiðinni.

Lagt er til að skoðaðir verði möguleikar á fisktalningu í Þverá. Ekki eru til mælingar á stofnstærð hrygningarstofnsins á vatnasvæðinu sem er óháð veiði. Ný tækni gerir það mögulegt að telja fiska án þess að koma fyrir fyrirstöðu og eins hafa ódýrari kostir eins og flotgirðingar (resistance board weir) rutt sér til rúms í Noregi síðustu ár sem hægt væri að koma fyrir í Þverá.

Þakkarorð

Stjórn Veiðifélags Þverár og leigutökum árinna er þakkað gott samstarf. Hlynur Bárðarson las yfir skýrsluna og er þakkaður vandaður yfirlestur. Sigurði Má Einarssyni er þakkað gott samstarf en hann hefur látið af störfum hjá Hafrannsóknastofnun (áður Veiðimálastofnun) eftir áratuga farsæla vinnu við rannsóknir og vöktun laxastofna á Vesturlandi.

Heimildir

- Bagenal, T.B. and Tesch, F.W. (1978). *Age and Growth* bls. 101-136. Í: IBP Handbook No 3. Methods for Assessment of Fish Production in Fresh Waters, T. Bagenal (ritstj.) Blackwell Scientific Publications. Oxford. Þriðja útgáfa.
- Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. (2018). *Lax- og silungsveiðin 2017*. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2018-35. 36 bls.
- Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. (2025). *Lax- og silungsveiðin 2024*. Salmon, trout and charr statistics 2024. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2025-28. 37 bls.
- Hafrannsóknastofnun. (2025, 17. október). Bráðabirgðatölur fyrir stangveiði á laxi sumarið 2025. <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/bradabirgdatolur-fyrir-stangveidi-a-laxi-sumarid-2025>
- ICES. (2026). Working Group on North Atlantic Salmon (WGNAS). ICES Scientific Reports. 8:24. 196 pp. <https://doi.org/10.17895/ices.pub.32034120>
- Olmos M., Payne M.R., Nevoux M., Prévost E., Chaput G., Du Pontavice H., Guitton J., Sheehan T., Mills K. og Rivot E. (2020). Spatial synchrony in the response of a long range migratory species (*Salmo salar*) to climate change in the North Atlantic Ocean. *Glob Change Biol.* 26:1319–1337 <https://doi.org/10.1111/gcb.14913>
- Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Þórólfur Antonsson. (2000). Búsvæðamat í vatnakerfi Þverár. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. Veiðimálastofnun, VMST-V/0006. 15 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Guðni Guðbergsson. (2012). Vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2011. Samantekt um fiskirannsóknir. Veiðimálastofnun. VMST/12010. 20 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir. (2025). Vöktunarrannsóknir í Þverá í Borgarfirði 2024. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-41. 22 bls.

Viðauki 1. GPS staðsetning rafveiðistöðva og hitamælis á vatnasvæði Þverár 2025 (WGS 84 format dd,dddd°).

| Vatnsfall | Stöð (nr) | Staðsetning/heiti | N° | W° |
|-----------------|-----------|----------------------------|----------|-----------|
| Kjarrá | 3 | Gilsbakkasel | 64,80562 | -20,98240 |
| | 4 | 1,1 km f.n. Gilsbakkasel | 64,79761 | -20,99670 |
| | 5 | Svörturollur | 64,78685 | -21,01454 |
| | 6 | Neðst á Gilsbakkaeyrum | 64,77550 | -21,03390 |
| | 7 | Víghóll | 64,75650 | -21,13156 |
| | 8 | Skolladalseyrar | 64,76164 | -21,20785 |
| Þverá | 9 | Örnólfsdalur | 64,75957 | -21,28724 |
| | 10 | Norðtungueyrar | 64,74997 | -21,35729 |
| | 10,5 | Bláhylur | 64,73136 | -21,40810 |
| | 11 | Grænibakki | 64,71871 | -21,46134 |
| | 12 | Gellir (Arnbjargarlækur) | 64,71462 | -21,48532 |
| | 13 | Ofan við Ólafshyl | 64,68853 | -21,52735 |
| Litla Þverá | 15 | Litla Þverá-bústaðir | 64,79135 | -21,28741 |
| | 16 | Litla Þverá-Kvía | 64,78488 | -21,32065 |
| Hitamælir vatns | | Ofan við brú við Norðtungu | 64,73097 | -21,41198 |

Viðauki 2. Seiðavísitölur og meðallengdir laxaseiða á vatnasvæði Þverár 1996 – 2025.


| Seiðavísitala (fj/100 m ²) laxaseiða | | | | | | |
|--------------------------------------------------|------|------|------|-----|-----|-------|
| Ár | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ | 4+ | Samt. |
| 1996 | 5,4 | 11,0 | 11,1 | 3,4 | 0,0 | 31,0 |
| 1997 | 2,8 | 7,8 | 5,7 | 4,8 | 0,2 | 21,2 |
| 1998 | 8,4 | 5,1 | 3,9 | 2,4 | 0,7 | 20,4 |
| 1999 | 4,7 | 10,7 | 4,4 | 2,6 | 0,1 | 22,4 |
| 2000 | 8,1 | 15,6 | 9,0 | 2,6 | 0,3 | 35,6 |
| 2001 | 5,0 | 7,6 | 4,7 | 2,2 | 0,0 | 19,5 |
| 2002 | 2,3 | 10,7 | 4,1 | 1,1 | 0,0 | 18,2 |
| 2003 | 14,9 | 7,1 | 5,5 | 1,3 | 0,0 | 28,9 |
| 2004 | 31,9 | 14,7 | 3,6 | 0,9 | 0,1 | 51,2 |
| 2005 | 13,9 | 18,6 | 4,4 | 0,2 | 0,0 | 37,2 |
| 2006 | 18,3 | 23,9 | 9,3 | 0,4 | 0,0 | 51,8 |
| 2007 | 6,6 | 23,2 | 10,4 | 1,6 | 0,0 | 41,8 |
| 2008 | 14,2 | 5,6 | 4,2 | 2,1 | 0,0 | 26,1 |
| 2009 | 31,4 | 17,2 | 3,1 | 0,7 | 0,0 | 52,5 |
| 2010 | 46,3 | 33,6 | 6,9 | 1,0 | 0,0 | 87,8 |
| 2011 | 18,9 | 19,2 | 10,8 | 0,4 | 0,0 | 49,3 |
| 2012 | 17,2 | 17,7 | 6,4 | 1,8 | 0,0 | 43,1 |
| 2013 | 14,2 | 27,4 | 12,5 | 1,8 | 0,0 | 55,9 |
| 2014 | 17,8 | 14,6 | 8,4 | 2,8 | 0,0 | 43,6 |
| 2015 | 15,3 | 19,9 | 8,1 | 3,1 | 0,2 | 46,6 |
| 2016 | 23,9 | 13,5 | 5,4 | 1,8 | 0,2 | 44,8 |
| 2017 | 29,1 | 22,2 | 7,0 | 3,6 | 0,0 | 61,9 |
| 2018 | 24,9 | 16,1 | 4,8 | 0,8 | 0,0 | 46,6 |
| 2019 | 19,8 | 25,7 | 11,5 | 3,6 | 0,0 | 60,6 |
| 2020 | 19,6 | 11,1 | 6,7 | 2,3 | 0,1 | 39,8 |
| 2021 | 28,5 | 10,8 | 2,8 | 1,1 | 0,0 | 43,2 |
| 2022 | 10,1 | 11,8 | 3,9 | 0,7 | 0,1 | 26,6 |
| 2023 | 11,4 | 11,9 | 6,1 | 2,3 | 0,0 | 31,7 |
| 2024 | 15,0 | 13,9 | 8,8 | 3,2 | 0,0 | 40,8 |
| 2025 | 14,7 | 8,1 | 6,0 | 2,7 | 0,1 | 31,7 |
| Meðalt. | 16,5 | 15,2 | 6,6 | 2,0 | 0,1 | 40,4 |
| Max | 46,3 | 33,6 | 12,5 | 4,8 | 1,0 | 87,8 |
| Min | 2,3 | 5,1 | 2,8 | 0,2 | 0,0 | 18,2 |

| Meðallengd (cm) laxaseiða | | | | | | |
|---------------------------|-----|-----|-----|------|------|------|
| Ár | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ | 4+ | 5+ |
| 1996 | 4,0 | 6,0 | 7,6 | 9,7 | 12,1 | |
| 1997 | 4,0 | 6,3 | 7,8 | 9,7 | 11,8 | |
| 1998 | 3,9 | 6,8 | 8,6 | 9,7 | 11,4 | 10,5 |
| 1999 | 3,6 | 6,5 | 8,6 | 10,2 | | 11,1 |
| 2000 | 4,1 | 6,8 | 8,6 | 10,1 | 10,4 | |
| 2001 | 3,8 | 7,0 | 8,8 | 10,8 | | |
| 2002 | 3,5 | 6,4 | 8,5 | 10,3 | 11,3 | |
| 2003 | 4,3 | 7,0 | 9,1 | 10,9 | | |
| 2004 | 4,3 | 7,2 | 9,0 | 10,6 | 10,5 | |
| 2005 | 3,8 | 6,8 | 9,0 | 11,2 | 13,6 | |
| 2006 | 3,3 | 5,9 | 8,5 | 10,1 | | |
| 2007 | 4,3 | 6,4 | 8,3 | 10,7 | | |
| 2008 | 4,4 | 6,9 | 8,9 | 10,2 | | |
| 2009 | 4,0 | 6,4 | 8,9 | 10,5 | | |
| 2010 | 4,1 | 6,6 | 9,0 | 11,3 | | |
| 2011 | 3,5 | 5,9 | 8,2 | 10,2 | | |
| 2012 | 4,2 | 6,2 | 8,2 | 10,1 | | |
| 2013 | 4,0 | 6,3 | 8,2 | 10,1 | | |
| 2014 | 3,9 | 6,1 | 8,1 | 10,0 | | |
| 2015 | 3,5 | 6,0 | 7,5 | 9,5 | 10,2 | |
| 2016 | 4,1 | 6,2 | 8,0 | 9,7 | 10,8 | |
| 2017 | 4,0 | 6,1 | 7,9 | 9,6 | | |
| 2018 | 3,6 | 5,8 | 7,9 | 9,9 | | |
| 2019 | 3,8 | 5,5 | 7,5 | 9,4 | | |
| 2020 | 3,8 | 6,1 | 7,8 | 10,1 | 10,6 | |
| 2021 | 3,9 | 6,2 | 8,0 | 10,1 | 9,3 | |
| 2022 | 3,6 | 6,3 | 8,2 | 10,0 | 9,8 | |
| 2023 | 3,9 | 6,1 | 8,3 | 10,1 | | |
| 2024 | 3,4 | 6,3 | 8,0 | 10,4 | | |
| 2025 | 4,0 | 6,0 | 7,8 | 9,8 | 11,8 | |
| Meðaltal | 3,9 | 6,3 | 8,3 | 10,2 | 11,1 | 10,8 |
| Max | 4,4 | 7,2 | 9,1 | 11,3 | 13,6 | 11,1 |
| Min | 3,3 | 5,5 | 7,5 | 9,4 | 9,3 | 10,5 |

Viðauki 3. Seiðavísitölur urriðaseiða á vatnasvæði Þverár 1996 – 2025.

| Seiðavísitala (fj/100 m ²) urriðaseiða | | | | | | | |
|----------------------------------------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|---------|
| Ár | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ | 4+ | 5+ | Samtals |
| 1996 | 0,9 | 0,5 | 0,2 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 1,7 |
| 1997 | 0,7 | 0,2 | 0,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,2 |
| 1998 | 1,0 | 0,1 | 0,3 | 0,1 | 0,0 | 1,5 | 3,1 |
| 1999 | 1,0 | 0,2 | 0,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,5 |
| 2000 | 1,1 | 1,2 | 0,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,8 |
| 2001 | 2,9 | 0,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 3,2 |
| 2002 | 2,3 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,5 |
| 2003 | 7,1 | 0,7 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 8,0 |
| 2004 | 3,6 | 2,1 | 0,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 6,1 |
| 2005 | 7,3 | 1,4 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 8,8 |
| 2006 | 2,8 | 0,7 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 3,7 |
| 2007 | 1,9 | 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 2,4 |
| 2008 | 1,3 | 0,1 | 0,0 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 1,6 |
| 2009 | 2,6 | 0,6 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 3,5 |
| 2010 | 2,6 | 0,5 | 0,2 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 3,4 |
| 2011 | 1,0 | 0,2 | 0,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,5 |
| 2012 | 0,7 | 0,3 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,3 |
| 2013 | 2,4 | 0,0 | 0,2 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 2,7 |
| 2014 | 1,2 | 0,2 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,7 |
| 2015 | 0,4 | 0,5 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,1 |
| 2016 | 2,0 | 0,6 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,7 |
| 2017 | 3,1 | 0,5 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 3,8 |
| 2018 | 1,0 | 0,5 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,6 |
| 2019 | 1,0 | 0,4 | 0,6 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,0 |
| 2020 | 2,5 | 0,4 | 0,3 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 3,3 |
| 2021 | 2,7 | 0,4 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 3,2 |
| 2022 | 2,9 | 1,2 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 4,1 |
| 2023 | 3,4 | 1,2 | 0,3 | 4,9 | 0,0 | 0,0 | 9,8 |
| 2024 | 4,9 | 1,0 | 0,5 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 6,5 |
| 2025 | 2,9 | 0,6 | 0,3 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 4,0 |
| Meðaltal | 2,4 | 0,6 | 0,2 | 0,2 | 0,0 | 0,1 | 3,4 |
| Hæsta gildi | 7,3 | 2,1 | 0,6 | 4,9 | 0,0 | 1,5 | 9,8 |
| Lægsta gildi | 0,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,1 |


Viðauki 4. Veði eftir veiðdögum.



Viðauki 5. Sýnataka hreisturs.

Hreistursöfnun úr stangveiðinni er mikilvæg svo hægt sé að meta lífssögulega þætti og aldurssamsetningu laxastofnsins hverju sinni. Með aldursgreiningu á hreistri er unnt að meta aldur í ferskvatni, fjölda ára í sjávardvölinni og hvort lax sé á endurtekinni hrygningu. Mælingar á hreistri gefa möguleika á að reikna út sjávarvöxt og gefa þær upplýsingar mynd af vaxtarskilyrðum í sjávardvölinni. Með aldursgreiningu á hreistri er mögulegt að greina á milli laxa af eldisuppruna og laxa af náttúrulegu klaki árinna.

Að taka hreistur af laxi er tiltölulega einföld aðgerð. Þó er mikilvægt að vanda sýnatöku og þess gætt að hreistur sé tekið af réttum stað á fiskinum og að fiskurinn sé lengdarmældur. Bent er á greinagóðar upplýsingar inn á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar um aðferðir við hreistursýnatöku og tilgang rannsóknanna og fylgir hér linkur á leiðbeiningarnar.



| | | |
|-----------|----------|----------|
| Nr. | Teg. | LAX |
| Veiðivatn | NORÐURÁ | |
| Stöð | | |
| Dags | 9-7-2020 | |
| Lengd cm | 68 | |
| Þyngd g | 2900 | |
| Kjöt. | Kyn | ♀ Kynbr. |
| Snúkjúdyr | | |
| Pæða | | |
| Ath: | | |
| | Aldur | |

Hreisturtökustaður á laxi sýndur með rauðum ferhyrningi, rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar. Einnig er sýnt hvernig lengd fisksins er mæld, frá snoppu aftur að sporðsýlingu. Á umslaginu er sýnd æskileg lágmarksskráning upplýsinga.

Hreistur tekið af lifandi fiski:

Þegar hreistur er tekið af fiskum sem sleppt er til lífs er mikilvægt að gera það af varkárni. Hreistrið er ávallt tekið rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar. Nokkur atriði eru nefnt hér sem sérstaklega þarf að huga að:

1. Lyfta fiskinum sem minnst frá vatni.
2. Mæla lengd fisksins með málbandi (ekki er mælt með því að vigta fiska sem sleppt er til lífs).
3. Veiðimaður skal hafa hröð og örugg vinnubrögð.
4. Renna hnífsoddi varlega á móti legu hreisturs til að losa hreisturplötturnar af.
5. Passa vel að skera ekki í roð fisksins eða særa hann (en við það skapast sýkingarhætta) á meðan hreistri er safnað, t.d. með bitlausa hluta hnífsins en einnig er hægt að nota pinsettu/flísatöng.
6. Ekki er ráðlagt að taka hreistursýni þegar vatnshiti er yfir 15°C.


Minnt er á að vanda merkingar á sýnatökupokann og skrá allar helstu upplýsingar um fiskinn, þ.e. kyn, þyngd, lengd, dagsetningu veiðinnar (dagur-mán-ár) og veiðistað. Einnig er mælt til þess að skrá aðrar upplýsingar ef við á, t.d. ef fiskur er merktur, ummerki er um lús, sár á fiski eða grunur um eldiseinkenni.

Upplýsingar voru fengnar af heimasíðu Hafrannsóknastofnunar 4. febrúar 2026 á slóðinni:

<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/stangveidi/hreistursynataka>

Viðauki 6. Mánaðarmeðaltöl (C°) á vatnshita í Þverá við Norðtungu frá júl. 2001 til okt. 2025.

Mælingar misfórust frá nóv. 2007 til og með apr. 2010 og frá sep. 2020 til okt. 2022.



Viðauki 7. Uppreiknaðar endurheimtur klakárganga.

Uppreiknaðar endurheimtur einstakra klakárganga laxa af náttúrulegum uppruna í laxveiði á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði eftir hlutdeild í hreistursýnum ár hvert. Fjöldi og hlutdeild eldislaxa (fiskrækt) af laxveiði er sýnd af veiði hvers árs. *Engin hreistursýni tekin en hlutdeild árganga áætluð.

| Klakár | Uppreiknaður fjöldi laxa eftir klakárgöngum í laxveiði 1999-2025 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Samt. | | | |
|-----------------|------------------------------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|--------|-------|
| | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018* | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | | 2024 | 2025 | |
| 1992 | 157 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 157 | |
| 1993 | 614 | 33 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 647 | |
| 1994 | 926 | 269 | 8 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1.203 | |
| 1995 | 277 | 620 | 203 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1.100 | |
| 1996 | 138 | 142 | 525 | 83 | 6 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 894 | |
| 1997 | | 50 | 235 | 526 | 150 | 6 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 967 | |
| 1998 | | | 8 | 762 | 912 | 157 | 12 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1.851 | |
| 1999 | | | | 5 | 672 | 482 | 292 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1.451 | |
| 2000 | | | | | 6 | 684 | 1.870 | 216 | 17 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2.793 | |
| 2001 | | | | | | 6 | 1.372 | 776 | 137 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2.291 | |
| 2002 | | | | | | | 24 | 862 | 447 | 64 | 12 | | | | | | | | | | | | | | | | | 1.409 | |
| 2003 | | | | | | | | | 1.682 | 646 | 141 | 48 | | | | | | | | | | | | | | | | 2.517 | |
| 2004 | | | | | | | | | 52 | 1.874 | 1.144 | 439 | 10 | 5 | | | | | | | | | | | | | | 3.524 | |
| 2005 | | | | | | | | | | 16 | 896 | 1.695 | 196 | 14 | | | | | | | | | | | | | | 2.817 | |
| 2006 | | | | | | | | | | | 106 | 1.475 | 1.258 | 145 | 14 | | | | | | | | | | | | | 2.998 | |
| 2007 | | | | | | | | | | | | 47 | 332 | 281 | 206 | 23 | | | | | | | | | | | | 889 | |
| 2008 | | | | | | | | | | | | | 10 | 267 | 779 | 177 | | | | | | | | | | | | 1.233 | |
| 2009 | | | | | | | | | | | | | | 12 | 2.217 | 548 | 325 | 40 | | | | | | | | | | 3.142 | |
| 2010 | | | | | | | | | | | | | | | 150 | 422 | 1.273 | 321 | 112 | | | | | | | | | 2.278 | |
| 2011 | | | | | | | | | | | | | | | | 17 | 720 | 1.009 | 421 | 166 | 1 | | | | | | | 2.334 | |
| 2012 | | | | | | | | | | | | | | | | | 37 | 535 | 850 | 488 | 91 | | | | | | | 2.001 | |
| 2013 | | | | | | | | | | | | | | | | | | 15 | 618 | 1.012 | 216 | 14 | | | | | | 1.875 | |
| 2014 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 66 | 727 | 460 | 234 | 7 | | | | | 1.494 | |
| 2015 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 80 | 327 | 344 | 55 | 11 | 2 | | | 819 | |
| 2016 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 37 | 378 | 531 | 235 | 42 | | | 1.223 | |
| 2017 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 69 | 731 | 717 | 231 | 28 | | 1.776 | |
| 2018 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 52 | 433 | 614 | 252 | 17 | 1.367 | |
| 2019 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 17 | 329 | 941 | 324 | 1.611 | |
| 2020 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 12 | 686 | 897 | 1.595 | |
| 2021 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 76 | 437 | 513 | |
| Náttúrul. uppr. | 2.112 | 1.114 | 979 | 1.376 | 1.746 | 1.335 | 3.570 | 1.854 | 2.335 | 2.600 | 2.299 | 3.704 | 1.806 | 724 | 3.366 | 1.187 | 2.355 | 1.920 | 2.067 | 2.473 | 1.132 | 1.039 | 1.376 | 1.413 | 1.230 | 1.983 | 1.674 | 50.769 | |
| Fiskrækt | 28 | 167 | 231 | 69 | 126 | 38 | 595 | 302 | 69 | 258 | 71 | 78 | 10 | 0 | 0 | 6 | 9 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 76 | 257 | 197 | 2.592 |
| Laxveiði alls | 2.140 | 1.281 | 1.210 | 1.445 | 1.872 | 1.373 | 4.165 | 2.156 | 2.404 | 2.858 | 2.370 | 3.782 | 1.816 | 724 | 3.366 | 1.193 | 2.364 | 1.925 | 2.067 | 2.473 | 1.132 | 1.039 | 1.376 | 1.413 | 1.306 | 2.240 | 1.871 | 53.361 | |
| % Nátt. | 99 | 87 | 81 | 95 | 93 | 97 | 86 | 86 | 97 | 91 | 97 | 98 | 99 | 100 | 100 | 99 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 94 | 89 | 89 | 95 |
| % Fiskrækt | 1 | 13 | 19 | 5 | 7 | 3 | 14 | 14 | 3 | 9 | 3 | 2 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 | 11 | 11 | 5 |



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna